

Fimmtudaginn 7. maí 1992.

Nr. 198/1992. Ós-húseiningar hf.

gegn

Þrotabúi Byggingafélagsins Óss hf.

Kærumál. Löghald. Trygging.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 9. apríl 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetaréttar Garðakaupstaðar, sem kveðinn var upp 27. mars sl., í fógetaréttarmálinu nr. 36/1991. Kæruheimild er í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 30. apríl sl.

Sóknaraðili krefst þess, að aðeins verði lagt löghald á vörubirgðir sínar gegn því, að varnaraðili leggi fram viðbótartryggingu í reiðufé, að fjárhæð allt að 30.000.000 króna eða lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags.

Um tildrög að kærumáli þessu vísast til dóms Hæstaréttar í kærumáli nr. 149/1992, er kveðinn var upp 15. apríl 1992.

Hinn 27. mars sl. var í fógetarétti Garðakaupstaðar, á grundvelli úrskurðar 6. desember 1991, lagt löghald á fasteignir sóknaraðila að Suðurhrauni 2 og 2 A í Garðabæ ásamt fylgifé, einnig á vörubirgðir og lausafé, svo og eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni nr. 33 við Klukkuberg í Hafnarfirði, sem er fjögurra herbergja íbúð. Í úrskurðinum var gerðarbeiðanda (varnaraðila í kærumálinu) gert að setja 10.000.000 króna tryggingu, og var hún þegar lögð fram.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á 16. gr. laga nr. 18/1949. Hann heldur því fram, að með því að leggja löghald á vörubirgðir sínar sé í reynd verið að svipta sig umráðum yfir þeim, og sé það sist viðurhlutaminni aðgerð en formleg vörslusvipting.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að 16. gr. laga nr. 18/1949

sé sérregla, er eigi við, þegar gerðarbeiðandi óski eftir því við fógeta, að gerðarþoli eða annar vörslumaður kyrrsettra muna verði sviptur vörslum þeirra.

Hinn kærða úrskurð, sem er án forsendna, kvað upp Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógetans í Garðakaupstað. Niðurstaða úrskurðarins er svohljóðandi:

„Krafa gerðarþola um að gerðarbeiðanda verði gert að setja frekari tryggingar í máli þessu er ekki tekin til greina.“

Fógeti hefur samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur fyrir úrskurðinum. Eru þær að röktum máls-ástandum aðila svohljóðandi:

„16. gr. l. 18/1949 i.f. kveður á um tryggingu gerðarbeiðanda til handa gerðarþola vegna spjalla eða afnotamissis á kyrrsettum munum, er vörsluskiptum hafa sætt. Þegar af þeirri ástæðu að engin vörsluskipti hafa átt sér stað er kröfu gerðarþola hafnað.“

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ós-húseiningar hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Byggingafélagsins Óss hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.